

Markaðsstofa Norðurlands

Ársreikningur 2022

Markaðsstofa Norðurlands
Hafnarstræti 91
600 Akureyri

Kt. 460112-2140

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Sjálfseignarstofnunin Markaðsstofa Norðurlands var stofnuð 5. desember 2011. Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefari fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Rekstrartekjur félagsins námu 137.568 þús. kr. og hækkuðu um 26.884 þús. kr. milli ára eða um 24,7%. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri stofnunarinnar á árinu 801 þús. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 51.404 þús. kr. í árslok. Eigið fé stofnunarinnar í árslok nam 8.048 þús. kr. að meðtöldu stofnfé að fjárhæð 952 þús. kr. sem Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf. lagði fram.

Stjórn og framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands hafa rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2022 og undirritað með rafrænum hætti.

Akureyri, 9. maí 2023

Í stjórn Markaðsstofu Norðurlands:

Viggó Jónsson
Guðmundur Þór Birgisson
Steinunn Heba Finnsdóttir
Örn Arnarson
Sigrún Hulda Sigmundsdóttir
Hilda Jana Gísladóttir
Jóhanna Ey Harðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Arnheiður Jóhannsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Markaðsstofu Norðurlands.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Markaðsstofu Norðurlands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar 31. desember 2022 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi stofnunarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert stofnunina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 9. maí 2023

KPMG ehf.

Þorsteinn G. Þorsteinsson

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur:			
Framlög		74.165.825	83.407.730
Tekjur af rekstri		63.402.238	25.568.056
		<u>137.568.063</u>	<u>108.975.786</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	3	80.394.624	71.002.398
Annar rekstrarkostnaður		57.175.464	36.891.868
		<u>137.570.088</u>	<u>107.894.266</u>
(Rekstartap) hagnaður	(2.025)	1.081.520
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		971.051	445.777
Vaxtagjöld	(168.275)	(18.046)
		<u>802.776</u>	<u>427.731</u>
Hagnaður ársins	4	<u>800.751</u>	<u>1.509.251</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	2022	2021
Eignir			
Viðskiptakröfur		1.007.032	714.132
Handbært fé		50.397.000	56.851.793
	Veltufjármunir	<u>51.404.032</u>	<u>57.565.925</u>
	Eignir samtals	<u>51.404.032</u>	<u>57.565.925</u>
Eigið fé			
Stofnfé		952.000	952.000
Annað stofnframlag		316.129	316.129
Óráðstafað eigið fé		6.780.191	5.979.440
	Eigið fé 4	<u>8.048.320</u>	<u>7.247.569</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.987.958	1.536.954
Fyrirframinnheimtar tekjur		27.574.487	38.915.957
Aðrar skammtímaskuldir		11.793.267	9.865.445
	Skuldir samtals	<u>43.355.712</u>	<u>50.318.356</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u>51.404.032</u>	<u>57.565.925</u>

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins	4	800.751	1.509.251
Veltufé frá rekstri		800.751	1.509.251
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(292.900)	28.003
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(6.962.644)	4.565.388
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum	(7.255.544)	4.593.391
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	(6.454.793)	6.102.642
Breyting á handbæru fé	(6.454.793)	6.102.642
Handbært fé í ársbyrjun		56.851.793	50.749.151
Handbært fé í árslok		50.397.000	56.851.793

Skýringar

1. Félagið

Markaðsstofa Norðurlands („stofnunin“) er sjálfseignarstofnun og er lögheimili hennar að Hafnarstræti 91, Akureyri. Tilgangur stofnunarinnar er að samræma og annast markaðs- og kynningarstarf fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélög á Norðurlandi, efla samstarf, samvinnu, þekkingu og fagmennsku meðal ferðaþjónustuaðila ásamt því að vera málsvari og samnefnari fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innhald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur og framlög eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu þjónustusamninga á uppgjörstigi.

c. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður um 0,7 millj. kr. í ársreikningnum. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

d. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun	61.296.683	54.261.175
Launatengd gjöld	19.097.941	16.741.223
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>80.394.624</u>	<u>71.002.398</u>
Fjöldi ársverka á árinu	6,1	5,8

Laun framkvæmdastjóra námu 15.382 þús. kr. á árinu 2022 en námu 13.523 þús. kr. árið áður. Ekki var um sérstakar greiðslur vegna stjórnarstarfa að ræða.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Stofnfé	Annað stofnframlag	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2021	952.000	316.129	4.470.189	5.738.318
Hagnaður ársins	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>1.509.251</u>	<u>1.509.251</u>
Eigið fé 31.12.2021	952.000	316.129	5.979.440	7.247.569
Hagnaður ársins	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>800.751</u>	<u>800.751</u>
Eigið fé 31.12.2022	<u>952.000</u>	<u>316.129</u>	<u>6.780.191</u>	<u>8.048.320</u>

5. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Stjórnarmenn, stjórnendur og félög í þeirra eigu teljast vera tengdir aðilar stofnunarinnar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Engin viðskipti voru við stjórnendur. Laun stjórnenda má sjá í skýringu nr. 3.

Skýringar, frh.:

6. **Önnur mál**

Fyrirverandi starfsmaður félagsins sem sagt var upp á árinu 2022, hefur höfðað mál á hendur félaginu þar sem hann telur uppsögnina ólögmæta. Lögfræðingur Markaðsstofu Norðurlands hefur málið til meðferðar. Ekki er ljóst hver kostnaður félagsins vegna málsins verður eða hver niðurstaða þess gæti orðið en mögulega gæti umtalsverður kostnaður fallið á félagið vegna málsins.